

Nd.

41. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Sauðár (þskj. 27).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á efni frv. og viðurkennir ástæður þær, sem færðar eru fyrir frv. í greinargerðinni. En nefndinni þykir ekki rjettur núverandi ábúanda, sem hefir setið á jörðinni í 40 ár, nægilega trygður með því, að hreppurinn fái eignarráð á jörðinni í ábúðartið hans og án samkomulags við hann, þar sem núverandi ábúðarlöggjöf er svo háttáð, að líklegt er, að landeigandi geti fundið útbyggingarsök á hendur leiguliða slíkrar jarðar, ef hann vill ganga hart að. Hins vegar er nefndinni kunnugt um, að ábúandinn hefir gert hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps tilboð um að standa upp af jörðinni með tilteknum skilyrðum, og væntir nefndin því þess, að samkomulag náist milli ábúanda og hreppsins um það efni, ef hreppurinn telur sjer nauðsyn að ná umráðum jarðarinnar nú þegar í sínar hendur. Að þessu athuguðu þykir nefndinni rjett að leggja það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir »selja Sauðárkrókshreppi« komi:
við næstu ábúendaskifti.

Alþingi, 24. febr. 1922.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Jón Þorláksson,
fundaskrif. og frsm.

Einar Þorgilsson.

Gunnar Sigurðsson.